



TENGLAHÓPUR

nýrnasjúkra og aðstandanda þeirra

ÁRSSKÝRSLA

fyrir árið 2008 – 3. starfsár

Tengslahópur nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra er einn af þeim hópum sem starfa innan Félags nýrnasjúkra. Með honum sinnir félagið mikilvægasta verkefni sínu að veita þeim stuðningins sem eru að veikjast af alvarlegri nýrnabilun eða eru komnir í skilun sem og aðstandendum þeirra. Einnig sinnir Tengslahópurinn þeim sem bíða eftir gjafanýra hvort sem er frá lifandi eða látnum gjafa. Og að lokum sinnir Tengslahópurinn þeim sem hafa spurningar vegna þess að þeir eru væntanlegir gjafar.

Hér á eftir verður rakið það helsta af þriðja starfsári Tengslahópsins.

Tuttugu tenglar

Á síðasta ári störfuðu 15 manns innan Tengslahópsins í árslok 2008 eru þeir orðnir 20. Tenglar eru víðs vegar af landinu og er það markmið okkar að hafa starfandi tengla sem víðast um landið.

Kynning á Tengslahópnum

Gert var kynningarspjald fyrir Tengslahópinn og liggur hann frammi á nýrnadeild, skilunardeild og göngudeild. Einnig var spjalðið sent með kynningarblöðungi fyrir félagið sjálft á yfir 80 heilsugæslustöðvar á landinu.

Hjúkrunarfræðingar og læknar á deild 13E, skilunardeild og almennri göngudeild á Hringbraut hafa einnig verið beðnir að benda fólki á Tengslahópinn.

Margir ná til Tengslahópsins í gegnum síma Félags nýrnasjúkra og verður það sífellt algengara eftir að fólk hefur skoðað heimasíðu félagsins.

Tenglapóstur

Haldið er sambandi við tengla í gegnum síma, tölvupóst og með Tenglapósti sem er fréttabréf sent í tölvupósti. Einnig eru tenglar sem eiga heima úti á landsbyggðinni hvattir til þess að hafa samband þegar þeir eru í bænum.

Námskeið fyrirhugað

Fyrirhugað var að halda námskeið fyrir tengla í febrúar á þessu ári. Því var frestað þegar hrun efnahags landsins gerði það að verkum að styrktaraðili dró sig til baka.

Þjónustustarf Tengslahópsins

Stuðningsfundir eru haldnir bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Í Reykjavík eru fundur haldinn fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og hefur fundur aldrei fallið niður. Fæstir hafa gestir verið tveir og flestir 15. Sá fundur var sérstakur því aðstandendur nýrnasjúkra voru sérstaklega boðaðir til hans til þess að taka þátt í könnun um viðmót og þjónustu við aðstandendur langveikra. Á nokkrum fundanna var haldinn fyrirlestur í upphafi og tóku þeir tenglar það að sér á síðasta ári.

Á Akureyri eru fundir einnig mánaðarlega yfir vetrartímann. Einn fundur var s.l. sumar og var hann haldinn á Húsavík.

Hver tengill heldur skrá yfir samskipti sín við þá er hann styður. Tekið skal fram að skrárnar eru trúnaðarmál og verður einstaklinga því aðeins getið sem talna á blaði.

Skýrslur frá 8 tenglum sýna að 15 einstaklingar þáðu stuðning á árinu fyrir utan þá sem sóttu stuðningsfundi. Flestir þeirra fengu einstaklingsviðtal oftast en einu sinni. Sumum var fylgt eftir með því að hringja í þá eða hafa samband í tölvupósti.

Tveir nutu nokkurrar sérstöðu en þeir voru heimsóttir reglulega heim til sín. Annar í 5 skipti. Hinn í hverri viku allt árið eða þar til hann lést. Í því tilviki var myndað einskonar teymi, þ.e. þrír tenglar skiptu heimsóknunum á milli sín.

AÐ LOKUM

Eftirfarandi eru sömu lokaorð og í skýrslu síðasta árs. Þau eiga jafnt við nú.

Stuðningur Tengslahóps nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra við þá sem til hans leita er það sem allt starfið snýst um. Mikilvægt er að efla starfið því reynsla okkar sem störfum í Tengslahópnum sýnir að þörfin er raun miklu meiri en tölurnar yfir þá sem hafa notið aðstoðar segja til um. Því er áriðandi að læknar og hjúkrunar-fræðingar láti þá einstaklinga sem greinast með alvarlega nýrnabilun vita af tilvist Tengslahópsins og hvernig þeir geta náð sambandi við hann. Einnig er mikilvægt að benda aðstandendum nýrnasjúkra á að Tengslahópurinn er líka til fyrir þá. Og ekki má gleyma að benda þeim á Tengslahópinn sem eru að fara að þiggja nýra sem og þeim sem ætla að gefa nýra.